



Úrskurðarnefnd raforkumála
Friðgeir Björnsson
formaður
Granaskjóli 76
107 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. desember 2007
Tilvísun: 2007120018
Bréfalykill: 10.1
Verknúmer: 1241000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um kæru Stefáns Hlíðars Jóhannssonar.

Orkustofnun hefur borist erindi úrskurðarnefndar raforkumála, dags. 12. desember 2007, þar sem stofnuninni er gefinn kostur á að andmæla kæru Stefáns Hlíðars Jóhannssonar frá 28. nóvember 2007. Kærð er niðurstaða Orkustofnunar frá 9. s.m. varðandi gjaldskrá Rarik og gjaldtöku fyrirtækisins vegna heimtaugar til kæranda.

Orkustofnun vísar til hinnar kærðu niðurstöðu og rökstuðnings hennar en ítrekar eftirfarandi:

Í kæru er lögð áhersla á að brotið hafi verið gegn jafnræðisreglum við álagningu gjalda fyrir heimtaug kæranda. Orkustofnun telur svo ekki vera og bendir á að í 4. mgr. 17. gr. raforkulaga nr. 65/2003 er gert ráð fyrir útjöfnun á kostnaði við rekstur dreifiveitna með því að kveðið er á um að sama gjaldskrá skuli gilda á veitusvæði hverra dreifiveitu og þá sérstaklega fyrir lágspennukerfið. Þó eru gerðar tvær undanþágur frá þeirri reglu: Í 4. mgr. 17. gr. er heimilað að taka tillit til mismunar í þjónustu, en Orkustofnun telur að óvenjulangar eða sérstakar heimtaugar geti fallið undir mismun í þjónustu. Í 5. mgr. sömu greinar kemur fram að heimilt er að sækja um leyfi til Orkustofnunar til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þar sem kostnaður vegna dreifingar er sannanlega hærri en í þéttbýli. Rarik hefur slíka heimild Orkustofnunar til að hafa í gildi dreifbýlisgjaldskrá á því svæði sem um ræðir í kærinni, enda eru þar uppfyllt skilyrði 25. gr. reglugerðar nr. 1040/2005. Þau skilyrði eru, að til dreifbýlis í þessum skilningi geti talist svæði sem skilgreind eru sem strjálbýli samkvæmt Hagstofu Íslands auk húsa utan gatna á svæðum sem sýnd eru á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags og staðir þar sem færri en 200 manns búa og njóta ekki tengingar við flutningskerfi eða stofnkerfi. Stofnkerfi teljast í þessu samhengi kerfiseiningar dreifiveitu sem þjóna bæði innanbæjarkerfum og sveitakerfum.

Eðlilegast má telja að notendur greiði sem næst raunverulegum kostnaði fyrir þjónustu dreifiveitna. Fyrir almennar heimtaugar, sem eru innan skilgreindrar hámarkslengdar er greitt samkvæmt jafnaðargjaldskrá, þ.e. nákvæm kostnaðaráætlun er ekki gerð fyrir hvert verk, heldur byggt á upplýsingum um kostnað sem almennt hlýst af að veita viðkomandi þjónustu. Telur Orkustofnun það verklag hafa lagastöð í ofangreindu lagaákvæði. Gjaldskrá RARIK er þannig uppbyggð að gert er ráð fyrir jafnaðargjaldi styttri heimtauga, lengdarálagi þegar heimtaugarnar eru komnar umfram skilgreind mörk og að lokum greiðslu skv. kostnaðartilboði þegar um óvenjulangar heimtaugar er að ræða.

Orkustofnun telur að þessi uppbygging gjaldskrár brjóti hvorki gegn áður nefndu ákvæði

raforkulaga, né jafnræðisreglum enda er þá innheimt sambærilegt gjald hjá þeim notendum sem búa við sambærilegar aðstæður. Það verk sem unnið var fyrir kæranda uppfyllir lágmarksskilyrði fyrir jafnaðarheimtaugargjald í dreifbýli. Þegar verk eru orðin viðameiri, eins og í dæmi því sem kærandi nefnir frá Beinárgerði, og fara út fyrir jafnaðarmörk skv. gjaldskrá RARIK, er eðlilegu álagi vegna lengdar heimtaugar bætt við í samræmi við gjaldskrá.

Orkustofnun telur ekkert í fram kominni kæru, sem leiða ætti til ógildingar hinnar kærðu ákvörðunar.

Virðingarfyllt

Elín Smáradóttir